



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 16. október 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Forsendur fjárhagsáætlunar

Fyrir fundinum lágu drög að helstu forsendum fjárhagsáætlunar sem sveitarstjórn ræddi. Sveitarstjórn samþykkti að gera ráð fyrir 4% hækkun verðlags á árinu. Samþykkt að taka álagningarreglur fasteignagjalda fyrir á næsta fundi.

2. Ársþing SSNV, 17.-19. október 2013

Fyrir fundinum lá dagskrá ársþings SSNV sem haldið verður á Sauðárkróki 17.-19. október 2013. Sveitarstjórn ræddi hverjir mæti á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins og fyrirhugaða dagskrá ársþingsins en gerði ekki sérstakar ályktanir vegna þess.

3. Skólamál

a. 2. fundur nefndar um skólamál

Fyrir fundinum lá minnisblað um fund nefndarinnar 30. september 2013. Fyrir fundinum lá einnig áfangaskýrsla nefndarinnar um málið þar sem fram kemur staða á vinnu nefndarinnar og næstu skref. Samþykkt að birta skýrsluna á heimasíðu sveitarfélagsins.

b. Bréf Námsmatsstofnunar, dags. 1. október 2013

Í bréfinu kemur fram að stofnunin hafi ákveðið að Höfðaskóli á Skagaströnd verði í hópi þeirra skóla sem hafa verið valdir til úttektar og að matið muni fara fram á tímabilinu janúar – júní 2014.

Bréfið var til kynningar en fram kom að sveitarstjórn fagnar því að matið fari fram og hefur væntingar um að fá skýrari sýn á stöðu skólastarfs með þeim niðurstöðum sem kom fram.

c. Fundargerð fræðslunefndar 1. júlí 2013 liður 2. – d. Aldursmörk í dvöl

Á fundi sveitarstjórnar 4. september sl. var afgreiðsla á þessum dagskrárlið fundargerðar fræðslunefndar frestað og óskað eftir útreikningum og nánari skýringum á tillögu um að lækka aldursviðmið í dvöl í 9 mánuði.

Fyrir fundinum lá samantekt leikskólastjóra um málið. Sveitarstjórn samþykkti tillögu fræðslunefndar um 9. mánaða dvalartilboð í leikskólanum.

4. Skipulags og umferðarmál

a. Óveruleg breyting á skipulagi.

Fyrir fundinum lá greinargerð og uppdrættir um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022 þar sem gerð er breyting á fyrirhugaðri sjóvörn í Bót við



húsið Sólvang. Breytingin felur í sér 150 m lengingu á þeirri sjóvörn sem er fyrir í áætlun.

Sveitarstjórn samþykkti að gera umrædda, óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eftirfarandi greinargerð var bókuð vegna málsins:

Einungis er gerð breyting á þéttbýlisupprætti Skagastrandar. Í greinargerð Aðalskipulags er ekki fjallað um sjóvarnir sérstaklega en þær sýndar á upprætti. Með breytingunni er gert ráð fyrir að sjóvörn nái 150 m. lengra til norðurs austan við svokallaða Bót. Gert er ráð fyrir að sjóvörnin muni ná norður fyrir húsið Sólvang sem stendur frammi á fjörुकambinum.

Þessi breyting er gerð að beiðni húseiganda Sólvangs og samkvæmt mati Samgöngustofu í þeim tilgangi að verja mannvirki og eignir fyrir ágangi sjávar. Lóð og lendur eru í eigu sveitarfélagsins en Sólvangur er eina húsið á svæðinu sem skipulagsbreytingin varðar.

Tilgangur breytingarinnar er að koma í veg fyrir að þau mannvirki sem fyrir eru á skipulagi spillist af ágangi sjávar. Umhverfisáhrif eru helst sjónræn en þó lítil þar sem sjóvörnin kemur fyrir framan fjörुकambinn og sést því helst frá sjó og úr fjörunni. Sýnileg frá vegi verður efsta steinaröð eða svo á sjóvörninni. Önnur umhverfisáhrif eru engin eða hverfandi lítil.

b. Umferðamál

Til umræðu voru tekin umferðamál á Skagaströnd í framhaldi af þeirri kynningu og umræðu sem varð á íbúafundi fimmtudaginn 26. september sl. Sveitarstjórn samþykkti að umferðarhraði verði lækkaður í 35 km/klst. í þéttbýli á Skagaströnd og fól sveitarstjóra að setja þá breytingu í formlegt ferli svo og að leggja fram tillögu að merkingum á hraðatakörkunum.

5. Hitaveita

Á fundinum var lagt fram minnisblað um stofnstyrki og niðurgreiðslur vegna nýrra hitaveitna. Oddviti greindi frá helstu málum sem tekin voru til umfjöllunar á fundi oddvita og sveitarstjóra með fulltrúum RARIK, 3. október sl. Þar kom m.a. fram að stefnt er að því að hleypa á stofnlögn veitunnar 18.-19. okt. nk. og gert ráð fyrir að hitun og útskolun lagnarinnar taki 2-3 daga. Gert er ráð fyrir að hitaveita verði komin í jafnvægi og standi öllum til boða ekki seinna en 1. desember nk. og því verði gert ráð fyrir að niðurgreiðslur falli niður 1. september 2014.

Umræður urðu um málið þar sem m.a. var rætt um hvernig húseigendur séu undir það búnir að taka við hitaveitu og hvernig framkvæmdir við breytingu húseigna gangi.

6. Bréf:

a. Velferðarráðuneytisins, dags. 25.09.2013

Í bréfinu er tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma. Þar kemur m.a. fram að heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi verði allar sameinaðar undir eina stjórn og eina heilbrigðisstofnun, Heilbrigðisumdæmi Norðurlands.



Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti stuðning sinn við eftirfarandi ályktun stjórnar Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún:

„Byggðasamlag um menningar og atvinnumál í A-Hún. leggst eindregið gegn áformum velferðarráðuneytisins um sameiningar heilbrigðisstofnanna á Norðurlandi og skorar á velferðarráðherra að taka þær til endurskoðunar.

Á undanförnum árum hafa áform um sameiningar verið kynntar án þess að tekist hafi að sýna fram á hagræðingu eða bættu þjónustu. Það er mat A-Húnvetninga að með sameiningu stofnana sem nú er boðuð megi búast við enn frekari skerðingu á þjónustu og starfsemi Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi sem þegar er komin að þolmörkum bæði rekstrar- og þjónustulega.

Minna má á að á síðustu árum hefur stofnunin þurft að taka á sig mikinn samdrátt í fjárveitingum með tilheyrandi áhrifum á þjónustuna og ekki síst á starfsfólk heilbrigðisstofnunarinnar. Það verður seint þakkað hversu vel starfsfólk hefur staðið sig undir því mikla álagi sem fylgt hefur niðurskurði undanfarinna ára.

Stjórn byggðasamlagsins vill minna stjórnvöld á að samkvæmt nýbirtri skýrslu Hagfræðistofnunnar Háskóla Íslands, Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins, kemur fram að í Húnavatnssýslum og Skagafirði hefur orðið hlutfallslega mesta fækkun starfa. Þetta gerist á sama tíma og stjórnvöldum má vera ljós veik staða þessara byggða sem birst hefur mönnum um langa hríð.

Heilbrigðisþjónusta er grunnþjónusta og það er mikilvægt að tryggja það að íbúar hafi aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu heima í héraði. Í nútímasamfélagi er hún jafnframt ein af forsendum hvernar byggðar og því er skerðing hennar niður fyrir þolmörk aðför að forsendum hvers samfélags.

Stjórn byggðasamlagsins óskar eftir fundi með velferðarráðherra til að ræða stöðu heilbrigðismála í A-Hún.“

b. Fiskistofu, dags. 13. september 2013

Í bréfinu kemur fram að innheimt hafi verið sérstakt gjald af strandveiðibátum sem sé greitt hverri höfn í hlutfalli viðkomandi hafnar í heildarafla sem fenginn var við strandveiðar. Hlutur Skagastrandarhafnar í gjaldinu 2013 verði 1.371.145 kr. .

Bréfið var til kynningar.

c. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 11. september 2013

Með bréfinu er bæjar- og sveitarstjórnnum gefinn kostur á að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2013-2014 og veittur frestur til 30. september 2013 til að senda inn umsókn um kvóta.

Bréfið var til kynningar.

d. Sveitarstjóra, dags. 17. september 2013

Með bréfinu er sótt um byggðakvóta sbr. bréf Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins, 11.09.2013. Sveitarstjórn hafði fengið bréfið sent með tölvupósti og samþykkt efni þess og erindi.



7. Fundargerðir:

- a. Skólanefndar FNV, 13.05.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- b. Stjórnar byggðasamlags um tónlistarskóla A-Hún, 24.09.2013

Meðfylgjandi fundargerðinni var ársreikningur 2012 fyrir byggðasamlagið. Í honum kemur fram að heildartekjur voru 42.425 þús. þar af framlög sveitarfélaga 35.500 þús. og gjöld 41.887 þús. og rekstrarniðurstaða ársins hafi því verið jákvæð um 537 þús. Ekki voru gerðar athugasemdir við fundargerðina eða ársreikninginn.

- a. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 15.10.2013

Sveitarstjórn tók afstöðu til eftirfarandi afgreiðslna sem fram koma í fundargerðinni:
Liður 1. Staða og horfur í rekstri: Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti aukið framlag sem nemur í heild 4.121 þús. kr.

Liður 3. Dreifnám: Halldór lagði fram tillögu að reglum um sérstakan stuðning vegna aksturskostnað nemenda í dreifnámi veturinn 2013-2014. Sveitarstjórn ræddi tillöguna og samþykkti hana samhljóða. Jafnframt samþykkt að óska eftir að aksturskostnaður verði hluti af sameiginlegum kostnaði við dreifnámið.

Liður 8. b. Hnitbjörg /fjármögnun: Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti hækkun á lánsúmsókn hjá Lánasjóði sveitarfélaga úr 25 milljónum í 45 milljónir vegna aukins kostnaðar við endurbætur á kjallara Hnitbjarga og bókar eftirfarandi vegna málsins og efnis fundargerðarinnar:

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Félags- og skólaþjónustu A-Hún sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 45.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún er tekið til að fjármagna endurbætur á kjallara húseignarinnar Hnitbjarga á Blönduósi, sem er láns hæft verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Magnúsi B. Jónssyni, kt. 140452 4679, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

- b. Menningarráðs Norðurlands vestra, 24.09.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- c. Stjórnar SSNV, 8.05.2013

Fundargerðin var til kynningar

- d. Stjórnar SSNV, 27.08.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- e. Stjórnar SSNV, 16.09.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- f. Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra, 27.08.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- g. Stjórnar Norðurár bs., 6.09.2013



Fundargerðin var til kynningar

- h. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 3.09.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- i. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 13.09.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- j. Stjórnar Byggðasamlags um menningar og atvinnumál, 14.10.2013

Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

Miklar umræður urðu um atvinnumál, möguleika og tækifæri á því sviði.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12.00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson